

**Vegagerð ríkisins**

**Snjóalög og snjóflóðahætta  
við jarðgangamunna  
á  
“Fljótaleið”**

Október 2000

## Efnisyfirlit:

0	Formáli	bls. 3
1	Gangamunni í Hólsdal	bls. 3
2	Gangamunni í Nautadal	bls. 4
3	Gangamunni í Holtsdal	bls. 4
4	Gangamunni við Þverá í Ólafsfirði	bls. 4
5	4 kort með gangamunnum og reiknaðri snjóflóðahættu. Stærð A4 Mælikvarði ca: 1:15545	

## **0 Formáli**

Í september 2000 fól Vegagerð ríkisins Verkfræðistofu Siglufjarðar að gera skýrslu um snjósöfnun og hugsanlega snjóflóðahættu við gangamunna á svokallaðri “Fljótaleið” sem hefur verið skoðuð af Vegagerð ríkisins sem valkostur við lögð veltengingar milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar.

Verkfræðistofan skilaði Vegagerðinni skýrslu um snjóflóðahættu á Lágheiði, og á leiðinni um Víkurdal í Héðinsfirði árið 1996, og er þessari samantekt nú ætlað að afla samsvarandi upplýsinga um Fljótaleið.

Þá gerði Verkfræðistofan athugun í júní 2000 á snjóflóðahættu við jarðgangamunna í Skútudal, Héðinsfirði framan við Héðinsfjarðarvatn og í mynni Skeggjabrekkudals.

Jarðgangaleiðin um Héðinsfjörð framan við Héðinsfjarðarvatn hefur verið mest rannsökuð og af því svæði eru til nákvæm kort, en á Fljótaleið eru einungis til kort í litlum mælikvarða. Vegna ónákvæmni í kortum eru skekkjur í mati á snjóflóðahættu verulegar. Einnig skortir gögn til þess að meta tíðni snjóflóða, og snjósöfnunarmöguleika á upptakasvæðum.

Við alla umfjöllun um legu “Fljótaleiðar” er miðað við uppdrátt, sem kemur fram í skýrslu samráðshóps um endurbyggingu vegar um Lágheiði og tengd málefni, frá nóvember 1999

## **1. Gangamunni í Hólsdal**

### **1.1 Snjóalög**

Gangamunninn er teiknaður í 100m hæð yfir sjó nálægt ármótum Fjarðarár og Blekkilsár. Almennt má segja um snjósöfnun á utanverðum Tröllaskaganum, að hún vex fram til dala og með hæð, og er mikil þar sem skjól er í NA-átt svo sem í dölum sem víkja verulega frá NA-SV stefnu.

Snjóþyngsli eru nokkur við Blekkilsána vegna hæðar yfir sjó og vegna þess hvað komið er langt frá sjó. Engar beinar mælingar eru til af snjódýpt, en ég tel út frá kynnum frá skíðaferðum um fjörðinn, að meðalsnjódýpt á þessu svæði sé lík því sem er við gangamunna í Skútudal, en verulega meiri en er við munna í Héðinsfirði og í mynni Skeggjabrekkudals.

### **1.2 Snjóflóðahætta**

Engar skráðar heimildir eru til um snjóflóð á þessu svæði. Vitað er um snjóflóð neðan við Leyningsbrúnir, úr Hólshyrnu og úr hlíðinni sunnan við munnastæðið.

Svæðið austanvert í Selfjalli hefur halla og snjósöfnunarmöguleika til þess að vera upptakasvæði fyrir snjóflóð. Á meðfylgjandi korti eru teiknaðir mögulegir snjóflóðaferlar og sýnd reikningsleg skriðlengd fyrir 1, 2 og 3m upptakasnjódýpt.

Útreikningur er gerður með forritinu Vb86\*\*\*, og er líklegt að jafnhættulína fyrir 50-100 ára endurkomutíma liggi milli 2m og 3m lína.

Eins og kortið sýnir er snjóflóðahætta við gangamunnann, en hún er sennilega lítil við enda 100m vegskála.

Vegurinn út Hólsdalinn er það langt frá fjöllum að snjóflóðahætta á honum er lítil.

## **2. Gangamunni í Nautadal**

### **2.1 Snjóalög**

Fljótin eru sjóþung en þó sérstaklega í dölum, sem eru þvert á aðal úrkomuáttina, sem er NA-átt. Nautadalur liggur í NA-SV en dalurinn er lokaður af Siglufjarðarfjöllum, þannig að þar er skjól í NA- átt.

Gangamunninn er teiknaður í 100m hæð, sem enn eykur snjóþyngsli við munnann.

Snjóþungt er einnig á veginum frá munnanaum að núverandi vegi, nema norðantil í Lambanesási, en á því svæði má búast við að snjór fjúki af vegi.

### **2.2 Snjóflóðahætta**

Engar upplýsingar eru um snjóflóð á svæðinu, en reikningslega má búast við snjóflóðum sunnan til í Spælingi á kafla. Þessi snjóflóðahætta kemur fram á meðfylgjandi korti, og nær hún hvorki að gangamunna eða vegi.

## **3. Gangamunni í Holtsdal**

### **3.1 Snjóalög**

Holtsdalurinn er eins og Nautadalurinn mjög snjóþungur, og sést það best á því að fannir eru þar langt fram eftir sumri allt niður í 200m hæð yfir sjó.

Snjóþyngsli í Holtsdal eru svipuð eða meiri en eru í Víkurdal í Héðinsfirði og Árdal í Ólafsfirði. Vegurinn frá munninum niður fyrir Holtið liggur einnig um snjóþungt svæði, en vestar dregur úr snjódýptinni.

### **3.2 Snjóflóðahætta**

Ekki er hægt að sjá snjóflóðahættu nálægt gangamunnum, nema úr Holtshyrnu.

Hyrnan að norðaustan er áveðurs og brött, þannig að ekki er hætt á stórum snjóflóðum.

Hugsanlegt er að lítil flóð geti fallið eftir grunnum giljum í átt að veginum, en með 100-200m vegskála er komið út fyrir hættusvæðið.

## **4. Gangamunni við Þverá í Ólafsfirði**

### **4.1 Snjóalög**

Svæðið við Þverá er að flestu leyti svipað og í við gangamunnann í Hólsdal. Hæðin er um 100m yfir sjó, liggur innarlega í dal, og dalstefnan er NA-SV

Snjóþyngsli eru nokkur, en mun minni en í Nautadal og Holtsdal.

Sama er að segja um snjódýpt á veginum út með firðinum, en úr snjódýptinni dregur eftir því sem utar og neðar kemur.

### **4.2 Snjóflóðahætta**

Við Þverá er ekki sjáanleg snjóflóðahætta. Á meðfylgjandi korti kemur fram útreikningur á snjóflóðahættu norðan við Kvíabekk, og kemur þar fram að 3m línan nær ekki niður að veginum.

F.h. Verkfræðistofu Siglufjarðar sf

---

Þorsteinn Jóhannesson